



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Dags. 25.01.2024

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr 63/2006 (örnám og prófgráður)
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Háskólinn á Bifröst fagnar þeim breytingum á háskólalögum sem lögfesta heimild háskóla til að bjóða upp á svokallað örnám (e. micro-credentials) til námseininga annars vegar, og færa hins vegar reglur um prófgráður og námsframboð háskóla nær þeim viðmiðum og þeim hæfniramma sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða. Sá hæfniramma byggist á Bologna-samstarfinu sem er grunnur að evrópska háskólasvæðinu (EHEA).

Háskólinn á Bifröst hefur nú þegar innleitt þá nýjung að bjóða uppá örnám. Við teljum örnám fela í sér mikil tækifæri þar sem það veitir aukinn sveigjanleika til náms á háskólastigi. Því tókum við undir það markmið frumvarpsins að nýta örnám sem leið til að koma til móts við þörf fyrir aukið framboð á styttra námi á háskólastigi. Slíkt nám getur stutt og eflt starfstengt nám, nýst nemendum sem vilja bæta við sig þekkingu á nýju fagsviði og sem leið til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði á háskólastigi. Örnám er í grunninn sveigjanlegt tæki til að þróa nám svo hægt sé að aðlaga það fjölbreyttum hópi nemenda og ýmsum námsleiðum. Á tímum hraðra samfélagsbreytinga og framþróunar er mikilvægt að fólk hafi tækifæri til að auka við þekkingu sína og hæfni með námi á háskólastigi án þess að það þurfi að skrá sig í langt háskólanám. Með tilkomu örnáms verður þetta mögulegt og við teljum æskilegt að í framtíðinni verði unnt að raða saman örnámseiningum sem leiða til prófgráðu.

Við viljum þó benda á að í c. lið 1 gr. frumvarpsins er notað hugtakið örnámskeið en ekki örnám eins og í greinagerðinni. Við leggjum til að orðaval verði í samræmi við greinagerðina og hugtakið örnám verði notað í lögunum. Hugtakið örnám rúmar bæði styttri námsleiðir og stök námskeið.

Háskólinn á Bifröst telur einnig æskilegt að í reiknilíkani háskólanna verði gert ráð fyrir fjárhagslegum hvötum til að þróa örnám og útskrifa nemendur úr örnámi.

Virðingarfyllst,

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir,
prófessor og deildarforseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst

Anna Jóna Kristjánsdóttir,
forstöðumaður Háskólagáttar og Endurmenntunar Háskólans á Bifröst